

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vantsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stóri að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrúnni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- | | |
|--|---------|
| a) Fyrir vatn 80°C og heitara greiðast | kr. 156 |
| b) 70-79° | kr. 125 |
| c) 69°C og kaldara | kr. 95 |

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með hlíðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- | | |
|----------------------------|-----------|
| a) Fyrir mæli allt að ¾“ | kr. 1.361 |
| b) Fyrir mæli 1“-2“ | kr. 2.742 |
| c) Fyrir mæli 3“ og stærri | kr. 5.464 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.241.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reikningsins.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús 400-2000 m³ :

Fyrir 400 m ³	kr.	251.351
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m ³	kr.	218
Hús stærri en 2000 m ³	kr.	599.772
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m ³	kr.	175

Öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er kr. 33.377

Lóðarhafar greiða auk heimtaugagjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber til tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem er í vanskilum auk kr. 2.481 í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr 58/1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 475/2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. janúar 2015.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,



Kristján Skarphéðinsson.



Hreinn Hrafnkelsson.